

Sá sem hlotið hefur fasta ráðningu í stöðu á rétt á að halda henni meðan hann rækir stöðuna þannig að ekki verði að fundið.

Hreppsnefnd getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu enda missi þeir ekkert af launum sínum við það.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu staðfestist hér með samkvæmt 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt, sbr. reglugerð nr. 585/1982 um breyting á henni.

1. gr.

3. mgr. 7. tl. 10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til skemmtistarfsemi teljast hvers konar samkomur fólks þar sem aðgangseyrir er greiddur, annað hvort við inngang eða sem hluti af félagsgjaldi, sbr. þó 24. tl. 14. gr. Skiptir ekki máli þótt samkomur þessar séu ekki opnar almenningi. Um innheimtu söluskatts af skemmtanastarfsemi vísast til 2. tl. 33. gr.

2. gr.

1. mgr. 14. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 585/1982, orðist svo:

Sala á fasteignum, skipum, flugvélum og svifflugum. Sala á svifdrekum, með eða án vélar, er þó söluskattsskyld.

3. gr.

24. tl. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Aðgangseyrir að leiksýningum, tónleikum, upplestri og fyrirlestrahaldi enda séu skemmtanir þessar ekki í neinum tengslum við annað skemmtana- og samkomuhald, svo og að sýningum á íslenskum kvikmyndum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 13. maí 1983.

Ragnar Arnalds.

Árni Kolbeinsson.